

# Fundargerð

## Fyrsti fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss

haldinn í gegnum Teams og í Þingeyjarsveit þann 16. apríl 2021, kl. 13:00-14:00.

### Fundarmenn:

Arna Hjörleifsdóttir, Umhverfisstofnun, ritaði fundargerð  
Árni Árnason, Ljósavatni  
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit  
Hávar Sigtryggsson, Hriflu  
Kristín Anna Ólafsdóttir, Ljósavatni  
Vilhjálmur Grímsson, Rauðá  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

### Markmið fundar

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss.

### Fundarefni

1. Hvað er stjórnunar- og verndaráætlun?  
Þórdís Björt kynnir stjórnunar- og verndaráætlunargerð og hvað felst í slíkum áætlunum. Í auglýsingunni um friðlýsingu Goðafoss er tekið fram um hvað skal fjalla í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið. Þórdís fer líka yfir verkferilinn við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og kynnir hlutverk samstarfshópsins.
2. Samráðs- og hagsmunaaðilagreining  
Þórdís kynnir samráðsáætlunina fyrir hópnum. Nokkrum aðilum bætt við samráðsaðilalistann eftir ábendingar frá hópnum. Samráðsaðilunum verður tilkynnt um að vinna sé hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss.
3. Verk- og tímaáætlun  
Þórdís kynnir drög að verk- og tímaáætlun. Áætlunin gerir ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlunin verði tilbúin til undirritunar við lok árs 2021. Fundarmenn hafa ekki athugasemdir við verk- og tímaáætlunina.

**Fram kom:**

- Ábending um að hafa það skýrt hvað er mikilvægt að samstarfshópur lesi yfir og rýni þegar texti er sendur til yfirlstrar.
- Umræður voru um opinn kynningarfund fyrir almenning, fyrirkomulag slíks fundar var ákveðið að yrði skoðað þegar vinnan er komin lengra á veg og þá í takt við hugmyndir hópsins.
- Rætt um reiðleið um svæðið sem breyttist þegar farið var í framkvæmdir við núverandi stíga.

**Næstu skref**

Þórdís og Arna vinna að drögum að 1. og 2. kafla og senda á samstarfshópinn í rýni. Umhverfisstofnun mun boða til næsta fundar þegar drög að 1. og 2. kafla hafa verið samþykkt og vinna við 3. kafla að hefjast.